



Samráðsgátt

Reykjavík 8. júní 2023
Tilvísun: 202306-0004 / 0.11.2

Efni: Til umsagnar í Samráðsgátt - Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn lýsir ánægju með drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026 frá menningar- og viðskiptaráðherra. Hér er sérstaklega fjallað um gr. 11. *Öflug skólasöfn* og það sem stendur í greinargerð um hana.

Tekið er heilshugar undir mikilvægi þess að kortleggja safnkost og starfsemi skólasafna í landinu, en afar litlar upplýsingar liggja fyrir um þau, síðustu tvo áratugin, eftir að starf bókafulltrúa ríkisins í mennta- og menningarmálaráðuneytinu var lagt niður.

Stefnumörkun í málefnum skólasafna er brotakennd, engin lágmarks viðmið um fjárveitingar, starfsfólk, húsnæði eða safnkost eru til, og kröfur um sérmenntað starfsfólk, búnað og húsnæði eru afar mismunandi milli sveitarfélaga og einstakra skóla. Víða er rekið metnaðarfullt starf, en annars staðar er öll aðstaða mun lakari og jafnvel engin. Margar erlendar þjóðir hafa sett sér staðla eða viðmið um fjárveitingar, búnað, starfsemi og mönnun skólasafna og mætti hafa slíkt sem fyrirmyndir. Í nýlegri stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga er því miður ekki minnst einu orði á bókasöfn eða skólasöfn sem sveitarfélögin þó reka.

Enginn opinber stofnun sér um að fylgjast reglulega með starfsemi skólasafna, eða bókasafna yfirhöfuð, og þeirri þjónustu sem þar er veitt. Bókasafnaráð sem starfar skv. bókasafnalögum nr. 150/2012 vinnur nú að stefnumótun fyrir starfsemi bókasafna, en á enn fremur að setja reglur um söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi. Það er því mikilvægt að ráðið komi að vinnu við kortlagningu á safnkosti og starfsemi skólasafna, og sérstaklega að mótun viðmiða um gæði og starf safnanna, til að efla þjónustu við fjölbreyttan nemendahóp, eins og segir í tillögunni.

Þá er bent á Landskerfi bókasafna, sem rekur bókasafnakerfið Gegnir.is og leitargáttina Leitir.is býr yfir upplýsingum um safnkost bókasafnanna. Ennfremur er vakin athygli á bókasafni samtakanna Móðurmáls, sem býr yfir bókakosti á erlendum tungumálum fyrir börn og unglinga, en einstaklingar eða bókasöfn geta fengið efnið að láni: <https://www.modurmal.com/library/>.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður